

SÖFNUNARTRYGGING

söfnunarlíftrygging með fjárfestingaráhættu

Vátryggingarskilmálar nr. LX 20

Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskríteinið ásamt áritunum og
- sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. LX20.
- Beiðni um söfnunarlíftryggingu.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskríteini ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskríteini og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit:

A Líftryggingarákvæði

1. Vátryggður
2. Réttthafar
3. Vátryggingin gildir
4. Bótasvið
5. Vátryggingarfjárhæð
6. Tilkygning um vátryggingaratburð
7. Krafa um bætur
8. Greiðsla bóta
9. Vextir af bótafjárhæð

B Fjárfestingarákvæði

10. Rekstrarfélög
11. Fjárfestingarstefna
12. Breytingar á samningi
13. Endurkaupsverð og lok samninga

C Sameiginleg ákvæði

14. Upplýsingaskylda við gerð vátryggingarsamnings
15. Upphaf ábyrgðar félagsins
16. Ráðstöfun iðgjaldaeininga
17. Greiðsla iðgjalds
18. Viðbótariðgjald
19. Uppsögn á vátryggingartímabili
20. Upplýsingaskylda við uppgjör bóta
21. Svíksamleg háttsemi
22. Vísitölubinding
23. Fyrning
24. Veðsetning
25. Framsal
26. Tilkygning um aðsetursskipti
27. Gjaldmiðill
28. Meðferð ágreiningsmála
29. Varnarþing

Inngangur

Vátryggingarskilmáli þessi gildir fyrir söfnunarlíftryggingu Líftryggingafélags Íslands hf. sem innifelur dánaráhættulíftryggingu og söfnun með fjárfestingaráhættu. Söfnunarlíftrygging er svonefnd "einingartengd líftrygging" (unit-linked) þar sem engin loforð eru gefin um ávöxtun og vátryggingartaki ber sjálfur fjárfestingaráhættuna.

Fyrir iðgjald vátryggingartaka eru keyptar iðgjaldaeiningar. Mismunur á kaup- og sölugengi iðgjaldaeininga kemur fram á vátryggingarskríteini og þjónustugjaldskrá félagsins og inni í því er kostnaður vegna kaupa á verðbréfum fyrir iðgjaldaeiningar. Að teknu tilliti til gengismunar fara iðgjaldaeiningar í nafni félagsins til ávöxtunar í verðbréfum samkvæmt valinni fjárfestingarstefnu vátryggingartaka er kemur fram á vátryggingarskríteini.

Verðbréfasöfn vegna söfnunarlíftryggingar verða í eigu Líftryggingafélags Íslands hf., en vátryggingartakar eiga jafnmargar iðgjaldaeiningar hjá félaginu og eignir félagsins eru í viðkomandi verðbréfum í krónum talið. Fjöldi iðgjaldaeininga tekur breytingum eftir ávöxtun fjárfestinga á hverjum tíma.

Hugtaka- og orðaskilgreiningar

Eftirfarandi skilgreiningar gilda í samskiptum félagsins og vátryggingartaka við túlkun samningsins:

Aðalgjalddagi vátryggingar sem greitt er af mánaðarlega er 11 mánuðum eftir lok útgáfumánaðar vátryggingarinnar og árlega sama mánaðardag eftir það.

Gildistími merkir það tímabil sem vátryggingin er í gildi og endurkaupsverð er til staðar.

Iðgjald merkir samningsbundna greiðslu til félagsins.

Viðbótariðgjald merkir greiðslu umfram samningsbundna greiðslu til félagsins.

Iðgjaldaeiningar: Keyptar iðgjaldaeiningar merkja jafnvirði iðgjalds að teknu tilliti til kaup- og sölugengis hjá Líftryggingafélagi Íslands hf.

á hverjum tíma og er hver iðgjaldaeining jafngildi einnar íslenskrar krónu.

Fjárfestingarstefna merkir val vátryggingartaka á því hvernig iðgjaldaeiningum er varið til fjárfestinga.

Endurkaupsverð merkir uppsafnaðar iðgjaldaeiningar sem keyptar eru fyrir innborgað iðgjald og ávöxtun af þeim að frádregnum kostnaði.

A Líftryggingarákvæði

1. Vátryggður

Vátryggður er sá sem nefndur er í vátryggingarskírteini.

2. Réttthafar

Réttthafi er sá sem á rétt til þess að fá vátryggingarfjárhæðina greidda eftir að vátryggingaratburður hefur orðið. Vátryggingartaki getur tilnefnt einn eða fleiri réttthafa að vátryggingarfjárhæð. Ef vátryggingartaki tilnefnir engan réttthafa rennur vátryggingarfjárhæðin til maka hans. Ef maki er ekki til staðar fellur vátryggingarfjárhæðin til erfingja samkvæmt lögum eða erfðaskrá.

3. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

4. Bótasvið

4.1 Félagið greiðir bætur vegna andláts vátryggðs.

4.2 Hafi vátryggður framið sjálfsvíg ber félagið ábyrgð ef meira en ár er liðið frá því að ábyrgð þess hófst eða telja má sannað að vátryggingin hafi verið tekin án þess að sjálfsvíg hafi verið haft í huga.

5. Vátryggingarfjárhæð

Vátryggingarfjárhæðin er 1 % hærri en endurkaupsverð vátryggingarinnar hverju sinni. Eftir að vátryggður nær 70 ára aldri lækkar vátryggingarfjárhæð þannig að hún verður 0,10 % hærri en endurkaupsverð vátryggingarinnar hverju sinni.

6. Tilkynning um vátryggingaratburð

Þegar vátryggingaratburður hefur orðið skal réttthafi skýra félaginu frá því án ástæðulauss dráttar.

7. Krafa um bætur

Látist vátryggður á gildistíma vátryggingarinnar getur réttthafi krafist greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til þess að kanna ábyrgð sína og reikna út fjárhæð bótanna, sbr. 121. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Við greiðslu ber að afhenda vátryggingarskírteinið áritað af réttthafa.

8. Greiðsla bóta

Látist vátryggður á gildistíma vátryggingarinnar fær réttthafi útgreidda vátryggingarfjárhæðina og fellur vátryggingin þá úr gildi og endurkaupsverðið rennur til félagsins.

9. Vextir af bótafjárhæð

Réttur til vaxta af bótafjárhæð er í samræmi við 123. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

B Fjárfestingarákvæði

10. Rekstrarfélög

Félagið gerir á hverjum tíma samninga við tiltekin rekstrarfélög, eitt eða fleiri, um varðveislu og ávöxtun vegna endurkaupsverðs vátryggingarinnar.

11. Fjárfestingarstefna

Upphaflega valin fjárfestingarstefna vátryggingartaka kemur fram á vátryggingarskírteini. Fjárfestingaráhættan er vátryggingartaka.

12. Breytingar á samningi

12.1 Á gildistíma vátryggingarinnar getur vátryggingartaki sótt um að breyta iðgjaldi, þó ekki niður fyrir lámarsíðgjald hverju sinni.

12.2 Vátryggingartaka er heimilt að breyta fjárfestingarstefnu á endurkaupsverði og/eða ógjaldföllnum iðgjöldum samkvæmt þeim fjárfestingarstefnum sem í boði eru hverju sinni.

12.3 Vátryggingartaki getur sótt um að iðgjald falli niður. Hafi iðgjaldsgreiðslur fallið niður, en

- endurkaupsverð vátryggingarinnar er enn til staðar, getur vátryggingartaki sótt um að iðgjaldsgreiðslur hefjist að nýju.
- 12.4 Allar umsóknir um breytingar á samningi skulu vera skriflegar á þar til gerðum eyðublöðum félagsins og eru háðar samþykki þess. Umsókn um breytingar skal lögð fram með 30 daga fyrirvara miðað við gjalddaga vátryggingarinnar.
- 12.5 Lækkun reglubundinnar greiðslu er ekki leyfileg fyrstu 13 mánuði samningstímans.
- 12.6 Ef vátryggingartaki og greiðandi eru ekki einn og sami aðili verða báðir að undirrita umsókn um breytingar.
- 12.7 Kostnaður vegna breytinga ákvarðast af gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.
- 13. Endurkaupsverð og lok samninga**
- 13.1 Endurkaupsverð vátryggingarinnar er laust til útborgunar hvenær sem er og greiðir félagið það út innan 30 daga frá því að skrifleg beiðni berst frá vátryggingartaka.
- 13.2 Vátryggingartaki getur sótt um að fá hluta af endurkaupsverði vátryggingarinnar innleystan, þó aldrei lægri fjárhæð en kr. 200.000 í hvert skipti, en fari eftirstöðvar endurkaupsverðs niður fyrir kr. 100.000 greiðist það jafnframt út og er vátryggingin þá úr gildi fallin.
- 13.3 Innleysi vátryggingartaki endurkaupsverð vátryggingarinnar að fullu fellur hún úr gildi.
- 13.4 Félagið áskilur sér rétt til að fresta innlaun endurkaupsverðs vátryggingarinnar ef verðbréfa-sjóður rekstraraðila nýtir sér frestun á innlaun lögum samkvæmt.
- C Sameiginleg ákvæði**
- Sameiginleg ákvæði gilda um A og B kafla skilmála þessara.
- 14. Upplýsingaskylda við gerð vátryggingarsamnings**
- 14.1 Vátryggingartaki, eða eftir atvikum vátryggður, skal veita félaginu þær upplýsingar sem það óskar eftir við gerð vátryggingarsamnings. Að auki ber þeim að eigin frumkvæði að veita félaginu upplýsingar um sérstök atvik sem þeir vita, eða mega vita, að hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu.
- 14.2 Hafi vátryggingartaki eða vátryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína ber félagið ekki ábyrgð.
- 14.3 Hafi vátryggingartaki eða vátryggður vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta.
- 15. Upphaf ábyrgðar félagsins**
- Ábyrgð félagsins hefst þegar það hefur tekið á móti og samþykkt beiðni um söfnunarlíftryggingu og mótttekið fyrstu greiðslu.
- 16. Ráðstöfun iðgjaldaeininga**
- Félagið mun innan fimm virkra daga frá móttöku iðgjalds ráðstafa iðgjaldaeiningum.
- 17. Greiðsla iðgjalds**
- Iðgjald fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist. Gjalddagar eru tilgreindir á vátryggingarskírteininu.
- 18. Viðbótariðgjald**
- Vátryggingartaki getur á gildistíma vátryggingarinnar greitt viðbótariðgjald, þó að lágmarki kr. 100.000 í hvert skipti.
- 19. Uppsögn á vátryggingartímabili**
- 19.1 Félagið getur sagt upp vátryggingunni:
- 19.1.1 Með 14 daga fyrirvara ef veittar eru rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um vátryggða áhættu, sbr. 84. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 19.1.2 Fyrirvalaust ef vátryggingartaki hefur sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um vátryggða áhættu, sbr. 84. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 19.2 Félagið getur sagt upp öllum vátryggingarsamningum sem það hefur gert við vátryggingartaka ef hann hefur sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína.
- 19.3 Vátryggingartaki getur slitið vátryggingarsamningi hvenær sem er með skriflegri uppsögn.
- 20. Upplýsingaskylda við uppgjör bóta**
- 20.1 Við uppgjör bóta skal sá sem á kröfu á hendur félaginu veita því upplýsingar og afhenda gögn sem hann hefur aðgang að og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur.

- 20.2 Ef sá sem á kröfu á hendur félaginu veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum vátryggingarsamningum vegna hins tiltekna vátryggingaratburðar. Við sérstakar aðstæður getur hann þó átt rétt til bóta að hluta, sbr. 2. mgr. 120. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 21. Svíksamleg háttsemi**
- Sá sem viðhefur svíksamlega háttsemi gagnvart félaginu missir allan rétt samkvæmt vátryggingar-samningi. Sé um fleiri vátryggingarsamninga að ræða getur hann einnig misst rétt til bóta samkvæmt þeim vegna sama vátryggingaratburðar, sbr. 83. og 120. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 22. Vísitölubinding**
- 22.1 Sé iðgjald vísitölubundið breytist það á aðal-gjaldþaga vátryggingarinnar samkvæmt breytingum á vísitölu neysliverðs.
- 22.2 Útreikningur miðast við vísitölu mánaðarins áður en breyting fjárhæðar á að taka gildi.
- 22.3 Fjárhæðir í skilmálum þessum miðast við vísitölu neysliverðs sem er 364,1 í júní 2010 og taka mið af breytingum hennar.
- 23. Fyrning**
- Krafa um vátryggingarfjárhæð fyrnist á 10 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs þegar sá er kröfuna á fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem krafa hans er reist á. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 20 árum eftir lok þess almanaksárs sem vátryggingaratburður varð.
- 24. Veðsetning**
- Heimilt er að veðsetja vátryggingu þessa, sbr. 107. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Veðsetningu ber að tilkynna félaginu sem skráir hana í líftryggingaskrá.
- 25. Framsal**
- Heimilt er að framselja réttindi samkvæmt vátryggingu þessari, sbr. 106. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Framsalið ber að tilkynna félaginu sem skráir það í líftryggingaskrá.
- 26. Tilkynning um aðsetursskipti**
- Vátryggingartaki skal tilkynna félaginu tafarlaust ef hann flyst búferlum.
- 27. Gjaldmiðill**
- Allar fjárhæðir er varða vátryggingarsamning þennan eru í íslenskum krónum (ISK) nema annað leiði af lögum eða um sé samið sérstaklega.
- 28. Meðferð ágreiningsmála**
- 28.1 Heimilt er að leggja ágreining við félagið fyrir Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum skv. lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 28.2 Úrskurðum Úrskurðarnefndar má skjóta til dómstóla.
- 29. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga**
- Félagið leggur ríka áherslu á öryggi við vinnslu persónuupplýsinga. Starfsfólk félagsins er bundið þagnar-og trúnaðarskyldu við hvers konar vinnslu persónuupplýsinga og öll vinnsla félagsins á persónuupplýsingum fer fram í samræmi við lög 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglum settum samkvæmt þeim. Í reglum um vinnslu persónuupplýsinga á heimasíðu félagsins, vis.is er að finna nánari upplýsingar um vinnsluna, þ.á.m. um það hvaða persónuupplýsingum félagið safnar, í hvaða tilgangi og á grundvelli hvaða heimilda, hversu lengi upplýsingarnar eru varðveittar og hvaða réttindi viðskiptavinir hafa varðandi vinnslu VÍS á slíkum upplýsingum.
- 30. Varnarþing**
- Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Mál sem rísa út af vátryggingu þessari skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
- Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 18. október 2018.
- Vátryggjandi er Líftryggingafélag Íslands hf.